

# Rafræn Reykjavík – Frístundakort

## Leiðbeiningar fyrir forráðamenn



### Ráðstöfunarstyrkur

Upphæð frístundastyrks til barna á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Reykjavík er kr. 25.000 á ári.

- Forsendur þess að hægt sé að ráðstafa styrknum eru, að búið sé að skrá barn í tómstund hjá félagi sem er aðili að Frístundakortinu og að félagið sé búið að skrá barnið í frístundakortskerfið í *Rafræn Reykjavík*.
- Meginskilyrði fyrir því að félag geti orðið aðili að Frístundakortinu er að starfsemi þess sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemi þess fari fram undir leiðsögn hæfra leiðbeinanda við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglingum.
- Heimilt er að ráðstafa styrknum til allt að 3 félaga á hverju tímabili. Foreldrum er í sjálfsvald sett hvort þeir ráðstafi greiðslu til félags/félaga á þremur tímabilum yfir árið eða ráðstafi allri greiðslunni á einu tímabili. Eftirstöðvar Frístundakorts ef einhverjar eru er **EKKI HÆGT AÐ FÆRA MILLI ÁRA** og falla niður í lok hvers árs.

Tímabilin eru:

- Vor 1. janúar – 31. maí
- Sumar 1. júní – 31. ágúst
- Haust 1. september – 31. desember



### **HVERNIG GET ÉG RÁÐSTAFAD STYRK FYRIR BARNIÐ MITT?**

Ráðstöfun fer fram í *Rafræn Reykjavík* sem er rafrænt kerfi borgarinnar fyrir ýmsar umsóknir s.s. í leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, sumarnámskeið ÍTR og frístundaheimili.


Hægt er að komast inn í *Rafræn Reykjavík* á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) eða á [www.itr.is](http://www.itr.is)

- Skráðu þig inn í *Rafræn Reykjavík* á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) Rafræn Reykjavík og í INNSKRÁ. Sértu að fara inn í fyrsta skipti skaltu fara í NÝSKRÁ. Lykilorð mun berast í heimabanka samdægurs og einnig er hægt


að velja um að fá það sent í pósti. Sláðu kennitöluna í notendanafn og sláðu síðan inn lykilorðið í reitinn fyrir neðan.



➤ Eftir innskráningu smellir þú á flippann FRÍSTUNDAKORT



- Veldu RÁÐSTAFNA STYRK
- Veldu nafn barns sem ráðstafa á fyrir úr fellilista. Sé félagið búið að skrá barnið inn í *Rafræn Reykjavík* á nafn námskeiðs og heildarverð að birtast.
- Skrifðu upphæð ráðstöfunarstyrks í kassa fyrir aftan námskeiðið og smelltu á **ÁFRAM**.





Hér birtast upplýsingar um félagið og námskeið sem barnið er skráð í. Komi engar upplýsingar hér er félagið ekki búið að skrá barnið í frístundakortskerfið.

Upphæð sem ráðstafa á er sleginn inn í kassa fyrir aftan námskeiðið

Að því loknu er ýtt á **ÁFRAM**

**ATHUGIÐ**, ef ekki er hægt að smella í kassann geta ástæðurnar verið að ráðstöfun sé ekki hafin á tímabilinu eða að félag hafi lokað fyrir ráðstöfun á tímabilinu.

- Lestu yfir hvort allt hafi verið slegið rétt inn. Séu upplýsingarnar réttar smelltu á STAÐFESTA. Þegar búið er að staðfesta birtast upplýsingar um að ráðstöfun sé lokið.



- Ráðstöfunarupphæð birtist félagi um leið og búið er að ráðstafa og greiðsla frá ÍTR berst félagi í fyrstu viku næsta mánaðar eftir að búið er að ráðstafa.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð til félags en námskeiðið kostar
- Ef upphæð námskeiðs er hærri en er ráðstafað, þarf að greiða mismuninn til félagsins.

### **ATHUGIÐ!**

- **Ráðstöfunarstyrkur er óendurkræfur!**
- **Kynnið ykkur vel hvernig greiðslum og innheimtu til félagsins er háttað!**
- **Félög ákveða sjálf lokadag ráðstöfunar hjá sér á hverju tímabili!**
- **Þeir sem orðnir eru 18 ára ská sína kennitölu og lykilorð í Rafræna Reykjavík**
- **Ekki er hægt að færa eftirstöðvar frístundastyrks á milli ára.**

Á heimasíðu ÍTR [www.itr.is](http://www.itr.is) má finna “Reglur og skilyrði Frístundakortsins” og lista yfir alla samstarfsaðila.

Hafir þú einhverjar spurningar eða athugasemdir, vinsamlegast sendið þær á [fristundakort@itr.is](mailto:fristundakort@itr.is) eða hafið samband við Símaver Reykjavíkurborgar í síma 4111111. Hafi fólk ekki aðgang að tölvum er hægt að fá aðstoð við ráðstöfun á þjónustumiðstöðvum borgarinnar en þær eru á eftirfarandi stöðum :

- |   |                   |
|---|-------------------|
| ➤ Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis | Síðumúla 39       |
| ➤ Þjónustumiðstöð Vesturbæjar             | Hjarðarhaga 45-47 |
| ➤ Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða      | Skúlagötu 21      |
| ➤ Þjónustumiðstöð Breiðholts              | Álfabakka 12      |
| ➤ Þjónustumiðstöð Grafarvogs              | Langarima 21      |
| ➤ Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts  | Bæjarhálsi 1      |